

Finnum liti 2

Litadýrð í umhverfinu

Aldur barna	2-3 ára	3-4 ára	4-5 ára	5-6 ára
Námssvið	Læsi og samskipti	Heilbrigði og vellíðan	Sjálfbærni og vísindi	Sköpun og menning
Aðstæður	Umhverfi Hvar sem er.	Árstíð Hvaða árstíð sem er, en auðveldast er að leita að litum að hausti og að sumri.		

Lýsing á verkefni

- Börnin vinna í pörum.
- Kennarinn er með bunka af litaspjöldum og lætur hvert par í senn draga eitt spjald úr bunkanum.
- Börnin eiga að leita að einhverju í umhverfinu sem er í þessum lit, ekki endilega aðeins náttúrulega hluti.
- Hluturinn er lagður á hvíta dúkinn ásamt litaspjaldinu og því næst er hægt að deila út næsta spjaldi.
- Í útinámi með yngstu börnunum getur átt við að allir hjálpist að við að leita að sama litnum en eldri börn geta unnið tvö og tvö saman eða einstaklingslega.
- Þennan leik má einnig leika þannig að litaspjöldin eru hengd á snúru og hjá þeim eru hengdir ýmsir hlutir úr umhverfinu sem eru samskonar á litinn (sjá mynd).

Gögn

Hvítur dúkur og plöstuð litaspjöld (sjá mynd).

